

Nd.

116. Tillaga

til þingsályktunar um skipun millipinganeftdar til þess að gera tillögur um launamál, starfsmannafækkun o. fl.

Flutningsm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Jón Sigurðsson, Jóhann Jósefsson,
Jón Ólafsson, Jón Pálmason, Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd, skipaða 5 mönnum, er rannsaki, eftir því sem við verður komið, og geri tillögur um:

1. Hvernig draga megi úr útgjöldum til embættis- og starfsmanna ríkis og ríkisstofnana, með hliðsjón af fjárhagsgetu almennings í landinu. Sérstaklega skal nefndin taka til athugunar fækkun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana, samræming á launum þeirra, og að sú venja sé afnumin, að embættis- og starfsmenn þessir fái aukaborgun umfram föst laun fyrir vinnu, sem ætti að vera þáttur í embættis- eða sýslunarstarfi þeirra.
2. Hvernig draga megi úr kostnaði við skipaútgærd ríkisins, án þess þó að samgöngur verði lakari.

Skal nefndin hafa lokið störfum sínum svo snemma, að ríkisstjórninni vinnist tími til að leggja málið fyrir næsta reglulegt Alþingi.